

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

Tölublað 2

2. maí 2023



Kvöldsólin í Stykkishólmi 1. maí 2023

Gleðilegt sumar

Lóan er komin

Sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur 20. apríl síðastliðinn. Þær góðu fréttir bárust hins vegar seint í marsmánuði að lóan, vorboðinn ljúfi, væri komin til landsins. Það lyftir jafnan brúnum landsmanna þegar lóan lætur sjá sig kveður burt leiðindi eins og henni einni er lagið. Nok-

kuð hefðbundið er að lóan komi til landsins síðustu vikuna í mars, eins og nú í ár. Nokkrar fuglategundir létu þó aðeins bíða eftir sér í ár en flestar hafa nú skilað sér til landsins. Víða má nú sjá þennan eftirlætisfugl íslendina bregða fyrir í sveitarfélaginu. Heiðlóan er einkennisfugl íslensks

þurrlendis, hingað kemur hún til að verpa í móum, lyngheiðum og grónum hraunum, bæði á láglendi og hálendi. Ríflega helmingur af öllum lóum í heiminum verpa hér á landi. Lóan verpir einnig á Bretlandseyjum, Norðurlöndum og í Rússlandi. Að liðnu sumri safnast lóur landsins í hópa og

búa sig undir brottför til vetrarheimkynnanna í Vestur-Evrópu. Helst heldur hún þá til á Írlandi, en einnig í Frakklandi, á Spáni, í Portúgal og Marokkó, þar sem hún dvelur við strendur og árósa. Sveitarfélagið óskar Hólmurum og Helgfellungum nær og fjær gleðilegs sumars.



Gunnlaugur Arnason, Tómas Hilmar Ragnarz, eigandi Regus á Íslandi, og Jakob Björgvin S. Jakobsson

Regus opnar fjarvinnslusetur í Stykkishólmi

Regus hefur opnað fjarvinnuaðstöðu við Aðal götu 10 í Stykkishólmi. Húsnæðið hýsti áður starfsemi Búnaðarbankans og síðar Arion banka, en hefur undanfarið ár hýst frumkvöðlasetrið Árnasetur. Regus bauð til formlegrar opunar

þann 13. apríl síðastliðinn. Á opnuninni hélt Gunnlaugur Arnason tölu þar sem hann gerði grein fyrir aðdraganda þess að Regus sýndi því áhuga að opna fjarvinnslusetur í Stykkishólmi. Gunnlaugur sagði frá því þegar sú

hugmynd kviknaði að Sæfell myndi kaupa húsið undir fjarvinnslusetur þegar Arion banki hugðist minnka við sig. „Þá stóð covidfaraldurinn hátt og mikill óvissu tími framundan. En Sæfell hefur haft það á stefnuskrá sinni að stuðla að atvinnuvexti í Stykkishólmi“ – sagði Gunnlaugur. Húsið opnaði sem fjarvinnslusetur í maí 2021. Gunnlaugur viðurkenndi að aðsókn í húsnæðið hafi ollið vonbrigðum en ákveðið hafi verið að gefa verkefninu tvö ár til reynslu. Fyrir tæpu hálfu ári lýsti Regus yfir áhuga á að leigja húsnæðið og reka þar sambærilega þjónustu. Hlutirnir gerðust hratt, samningar náðust og eftir töluverðar breytin-

gar innanhúss hefur Regus nú opnað sína þjónustu í húsinu. Húsnæðið býður upp á ljósleiðaratengingu, góðra kaffiaðstöðu, sérskrifstofur, sameiginlega vinnuaðstöðu og fullbúinn fundarsal búinn öllum tækjabúnaði sem nauðsynlegur er fyrir fjarvinnu og fjarfundi. Húsnæðið rúmar um 24 starfsmenn á sama tíma auk þess sem fleiri geta nýtt sér fundaraðstöðu í húsinu. Þeir sem nýta sér aðstöðuna fá aðgangskort sem virkar jafnt að þessu húsnæði sem og öðrum starfsstöðvum Regus sem finna má víða um heim. Gunnlaugur endaði mál sitt á því að óska Regus velfarnaðar og hvatti viðstadda til að láta



Högni Bæringsson og Rikharður Hrafnkelsson.

orðið berast og kynna þessa góðu starfsemi í Stykkishólmi. Tómas Hilmar Ragnarz, eigandi og framkvæmdastjóri Regus á Íslandi, tók einnig til máls og

fór fyrir aðstöðuna sem húsnæðið býður uppá. Þá sagði hann Regus leggja áherslu á að gæðin væru sambærileg á öllum starfsstöðvum í þeirra eigu. Aðstaðan í Stykkishól-

mi væri engu síðri en á skrifstofu Regus í London til dæmis. Að lokum tók bæjarstjóri til máls og fagnaði því framfaraskrefi sem þetta er fyrir atvinnulífið í Styk-

kishólmi. Nokkur fjöldi sótti opnunina. Fólk virti fyrir sér breyttingarnar á húsnæðinu og naut góðra veitinga sem í boði voru.



Fallvarnarblakkir settar upp við klifurvegginn

Fimmtudaginn 30. mars sl. Benjamin Mokry frá Klifurhúsinu Reykjavík til að kynna íþróttakennara Grunnskólans fyrir notkun á fallvarnarblökkum, sjálfvirkum búnaði sem tryggir öryggi klifrara í klifurvegnum.

Búnaðurinn var gjöf frá fyrirtækjunum Agustson, Sæfell og Þórsnes. Arnar Hreiðarsson forstöðumaður íþróttamannvirkja sá svo um að koma búnaðinum fyrir. Eru þessum aðilum færðar kærar þakkir

fyrir þeirra framlag til klifurs í Stykkishólmi. Fallvarnarblakkirnar eru festar efst uppi í klifurveggnum, úr þeim liggur taug sem er fest í þann sem klifrar. Með tilkomu þeirra er nú hægt að klifra efst upp

í vegginn án aðstoðar frá öðrum, þ.e.a.s. sá sem klifrar þarf ekki aðstoðarmann með taug. Ef klifrara skrikar fótur og missir takið tekur nýi búnaðurinn yfir og lætur viðkomandi síga rólega til jarðar.



Íþróttakennarar GSS ásamt Benjamin

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra. Allar fréttir má jafnframt finna á vefsíðu sveitarfélagsins.

www.stykkisholmur.is



Deiliskipulagstillagan liggur frammi í afgreiðslu Ráðhússins í Stykkishólmi

Tillaga að deiliskipulagi hafnarsvæðis við Skipavík

Þann 18. apríl sl. samþykkti bæjarstjórn sveitarfélagsins Stykkishólms að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið við Skipavík skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsvæðið tekur til um 4,5 ha reits, sem í aðalskipulagi er að mestu skilgreindur sem hafnarsvæði. Helstu markmið deiliskipulagsins eru að skilgreina skynsamlega nýtingu núverandi innviða og framtíðarmöguleika til uppbyggingar á svæðinu. Auk skipulagsskilmála fyrir núverandi byggðar og óbyggðar lóðir eru settir fram skilmálar fyrir nýjar lóðir við Nesveg 25 og 14a. Á vinnslustigi

tillögugerðarinnar voru lóðirnar Nesvegur 22a og 24 felldar utan deiliskipulagssvæðis vegna fyrirséðra áhrifa á aðliggjandi minja- og útivistarsvæði, sem til stendur að skipuleggja í kjölfar þessa deiliskipulags.

Deiliskipulagstillagan verður aðgengileg á vef sveitarfélagsins og í móttöku ráðhússins að Hafnargötu 3, á opnunartíma kl. 10-15, frá 26. apríl til og með 9. júní 2023. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér tillöguna. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan ofangreinds frests teljast samþykkir henni.



Hilmar Hallvarðsson stýrði síðasta opna fundi vegna málsins, í mars sl.

Opinn fundur 24. maí

Opinn kynningarfundur verður haldinn í Amtbókasafni Stykkishólms miðvikudaginn 24. maí kl. 17:00. Góð mæting var á síðasta opna fund um þetta sama mál og ljóst að áhugi íbúa er töluverður. Ábending-

ar og/eða athugasemdir skulu vera skriflegar og berast til skipulagsfulltrúa eigi síðar en 9. júní 2023 í ráðhús Stykkishólms eða á netfangið skipulag@stykkisholmur.is.

Unnið að móttökuáætlun skemmtiferðaskipa á Snæfellsnesi



Markaðsstofa Vesturlands vinnur nú í samvinnu við sveitarfélögin á Snæfellsnesi að gerð móttökuáætlunar fyrir skemmtiferðaskip á Snæfellsnesi. Markmið verkefnisins er að heimamenn í hverri höfn leggi niður línur um hvernig best er að taka á móti farþegum skemmtiferðaskipa

sem leggjast að höfn, bæði svo gestirnir njóti og samfélagið njóti ávinnings af gestamóttökunni. Hluti af þessu verkefni var vinnufundur sem haldin var á Fosshótel Stykkishólmi, þriðjudaginn 25. apríl, þar sem hagaðilum var boðið að mæta og taka þátt í vinnunni.



Framkvæmdir vekja gjarnan upp forvitni í Högna Bæringssyni en hann þekkir vel til í þeim efnum og getur oft frætt framkvæmdaraðila um hvernig staðið var að verkum hér áður.

Framkvæmdir fyrir utan Ráðhúsið

Framkvæmdir hafa staðið yfir fyrir utan Ráðhúsið í Stykkishólmi undanfarið. Til að byrja með var ráðist í viðgerðir á fráveituk-

erfi Ráðhússins. Framkvæmdir undu fljótt upp á sig þegar neysluvatnslögn hússins fór í sundur. Við nánari athugun kom í ljós að um var

að ræða gamalt stálrör sem var orðið ónýtt og ekki hægt að bjarga með viðgerð. Óumflýjanlegt var því að rífa upp malbikið og skipta rörinu út.

Veitur sáu um þá framkvæmd en frágangur á svæðinu er nú langt kominn.

Gleðin við völd á sumardaginn fyrsta



Sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur um land allt þann 20. apríl síðastliðinn. Bygðasafn Snæfellinga og Hnappdæla stóð fyrir fuglabingói fyrir börn, í

tilefni þess að nú stendur yfir ljósmyndasýningin Fuglar á Snæfellsnesi eftir Daníel Bergmann. Einnig var boðið upp á ratleik sem hófst við Norska húsið. Að lok-

num ratleik var viðstöddum boðið upp á grillaðar pylsur sem jafnan vekja lukku hjá ungum sem öldnum. Rafhjóla-leigan Hopp opnaði einnig fyrir þjónustu sína í

Stykkishólmi sumardaginn fyrsta og mátti víða sjá fólk prufukeyra hjólin vinsælu. Tuttugu hjól eru nú staðsett í Stykkishólmi.





Jakob Björgvin og Friðþjófur Orri, eigandi Hopp Snæfellsnes, rita undir samstarfsyfirlýsingu.

Hopp í Hólminum

Á sumardaginn fyrsta skrifaði Jakob Björgvin bæjarstjóri undir samstarfsyfirlýsingu um stöðvalausa rafskútuleigu í Stykkishólmi. Rafskútuleigan Hopp opnaði í framhaldinu þjónustu sína í Stykkishólmi, en Hopp býður upp á skammtímaleigu á rafskútum/rafdrifnum hlaupahjólum. Markmið sveitarfélagsins með þessu er að auðvelda íbúum og gestum að komast ferða sinna með umhverfisvænum hætti. Að lokinni undirskrift hoppaði bæjarstjórinn á hjól og tók stuttan rúnt í tilefni dagsins.

Hopp hefur boðið upp á leigu á rafskútum síðan 2019 og mun nú bjóða íbúum og gestum Sveitarfélagsins Stykkishólms

upp á þennan umhverfisvæna samgöngumáta. Til að byrja með verða 20 rafskútur á svæðinu. Sveitarfélagið hefur tekið að sér eftirlit með



Bæjarstjórinn hoppaði einn rúnt að lokinni undirskrift.

hleðsluástöðu og vísu afmarkaða þjónustu við hjólin, þ.e. hlaða og skipta um batterí. Í staðinn fær sveitarfélagið eitt hjól til afnota fyrir Ráðhúsið og annað fyrir Þjónustumiðstöðina. Er um að ræða hlu-

ta af tilraunaverkefni á vegum Hopp og Stykkishólms sem fylgst er með bæði hérlandis sem og erlendis til að kanna hvernig rekstur hjólan-

na í sérstöku samstarfi gengur í minni sveitarfélögum, en fyrirtækið hyggst nú færa út kvíarnar og bjóða þjónustu sína í minni sveitarfélögum með sambærilegum hætti um alla Evrópu ef vel reynist. Til

viðbótar við það fá allir starfsmenn sveitarfélagsins gjaldfrjáls afnot af hjólunum á milli kl. 08:00 – 16:00 virka daga.

Fyrirkomulag rafskútuleigunnar fyrir notendur í Stykkishólmi verður sambærilegt og þekkt annars staðar. Fólk notar smáforrit (app) til að finna næsta lausa hjól, aflæsir því og leggur af stað. Fyrir þjónustuna greiðir notandi upphafsgjald og mínútgjald samkvæmt verðskrá fyrirtækisins. 10 mínútna ferð á Hopp hjóli kostar notanda 430 kr. Þegar ferðinni er lokið er hægt að leggja rafskútunni hvar sem er innan þjónustusvæðisins. Hámarkshraði hjólanna er 25km/klst og komast þær hátt í 40km á einni hleðslu.



Stóri plokkgalurinn 2023

Stóri plokkgalurinn var haldinn um land allt sunnudaginn 30. apríl síðastliðinn. En það var í sjötta sinn sem dagurinn er haldinn hátíðlegur hér á landi. Snæfellingar

léttu sitt ekki eftir liggja en víða var ruslatínsla og umhverfishreinsun skipulögð í tilefni dagsins. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi, Svæðisgarðurinn Snæfellsnes

og Umhverfissvottun Snæfellsness hvöttu íbúa til að plokka og fegra nærumhverfi sitt í tilefni af stóra plokkgalginum sunnudaginn 30. apríl. Þá var fólk einnig

hvað til að taka myndir af sér við hreinsunarstörf af þessu tilefni og merkja með myllumerkinu **#plokkaSnæfellsnesi** á samfélagsmiðlum.

Munum Leiðina

Vitundarvakning Alzheimer samtakanna



Fjólublár bekkur hefur verið settur niður fyrir utan Ráðhúsið í Stykkishólmi í tengslum við vitundarvakningu Alzheimer samtakanna, Munum leiðina. Fjólublár er alþjóðlegur litur Alzheimer sjúkdómsins og annarra heilabilunarsjúkdóma. Sambærilegir bekkir hafa verið settir niður víða um land í þeim tilgangi að

vekja athygli á og auka umræðu og fræðslu um heilabilun í stað þess að fela umræðuna. Á bekkjunum er QR kóði sem hægt er að skanna og styrkja um leið samtökin. Sveitarfélagið hvetur fólk til að taka fallegar og skemmtilegar myndir af sér á bekknum fagra eða bara að setjast niður og njóta útsýnisins yfir höfnina.